

Nd.

975. Breytingartillaga

[442. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 77/1985.

Frá Kjartani Jóhannssyni og Jóni Baldvini Hannibalssyni.

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 300 milljónum króna á árinu 1986, eftir reglum sem félagsmálaráðherra setur, til þess að létta skuldabyrði þeirra sem keyptu eða byggðu íbúð á árunum 1980–1985. Reglurnar skulu miðast við að tiltekinn hluti skuldaaukningar umfram hækkun almenns kaupgjalds fram til 31. des. 1985, sem beint má rekja til íbúðaröflunar, myndi endurgreiðsluhluta sem gangi sem óafturkræft framlag til þess að greiða vanskilaskuldir, lækka skammtímaskuldir eða skuldir til langs tíma hjá viðkomandi og þá í fyrrgreindri forgangsröð.